

Nesfiskur ehf.
Kt.: 410786-1179
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 19.12.2022
Tilv. 2022-01-21-1157

Efni: Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni. Brottkast. Sigurfari GK-138 (2403).

I. Málsatvik

Fiskistofa hefur til meðferðar tvö mál er varða meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Sigurfari GK-138, skipaskrárnúmer 2403, í veiðiferðum skipsins 6. október 2021 og 19. janúar 2022, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Til einföldunar og hagræðingar fyrir málsaðila sameinaði Fiskistofa málsmeðferð málanna undir málsnúmeri 2022-01-21-1157.

i. Fyrri mál. 6. október 2021. Tilv. 2021-10-08-2565. Sigurfari GK-138 (2403).

Málavöxtum er þannig lýst í frumskýrslu málsins að þann 6. október 2021 um kl 13:00 voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu við eftirlit á Suðurnesjum. Þeir veittu því athygli að fiskiskipið Sigurfari GK-138 (2403), var við veiðar á svæðinu. Þeir ákváðu að setja á loft ómannað, fjarstýrt loftfar með myndupptökubúnaði, í því skyni að fylgjast með veiðum þess. Tekið var á loft frá landi og flogið um 3 km frá Höfnum. Fljótlega hafi veiðieftirlitsmenn séð fiska falla út um lúgu/lensport aftarlega á stjórnborðshlið skipsins og aflinn fallið þaðan aftur í sjó. Hafi þá verið sett á upptöku kl. 13:08 og tekið var upp eitt myndband sem er 06:26 mínútur að lengd. Á myndbandinu sjást allt að 190 fiskar koma út um lúguna og falla í sjóinn. Af þeim tegundagreindu veiðieftirlitsmenn samtals hundrað fjörutíu og fjóra (144) fiska; 58 ýsur, 57 kola, 27 þorska og 2 skötuseli. Lögskráður skipstjóri í umræddri veiðiferð var X, kt. [...].

ii. Seinna mál. 19. janúar 2022. Tilv. 2022-01-21-1157. Sigurfari GK-138 (2403).

Málavöxtum er þannig lýst í frumskýrslu málsins að þann 19. janúar 2022 um kl. 12:40 voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu við eftirlit vestan við Reykjanesvíta á Suðurnesjum. Þeir settu á loft ómannað, fjarstýrt loftfar með myndupptökubúnaði, í því skyni að fylgjast með veiðum fiskiskipsins Sigurfara GK-138 (2403). Farinu var flogið frá landi, vestan við Reykjanesvíta og um 3.3 km leið að skipinu, sem var við veiðar. Fylgst var með þegar skipverjar drógu veiðarfæri (dragnót) um borð og voru við aðgerð á afla um borð. Fljótlega sást hvar fiskur kom út um lúgu/lensport aftarlega á stjórnborðshlið skipsins og hafnaði út í sjó. Var þá myndupptökubúnaður flugfarsins virkjaður. Upptaka hófst kl. 12:59 og stóð yfir í 09:48 mínútur. Á myndbandinu sést þegar fimm (5) bolfiskar komu út um lúguna og falla í sjóinn. Af þeim tegundagreindu veiðieftirlitsmenn einn þorsk og eina ýsu. Lögskráður skipstjóri í umræddri veiðiferð var Y, kt. [...].

Á þeim myndbandsupptökum sem liggja fyrir í málinu sést þegar samtals hundrað fjörutíu og sex (146) tegundagreinanlegir fiskar, sem komið höfðu í veiðarfæri skipsins, falla út um nefnt lensport skipsins á stjórnborðshlið þess. Jafnframt sést þegar allt að fjörutíu og níu (49) fiskar falla sömu leið sem ekki var hægt að tegundagreina. Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Sigurfari GK-138 (2403) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, í þeim veiðiferðum er mál þetta varðar.

II. Athugasemdir málsaðila

Vísað er annars vegar til erindis Fiskistofu, dags. 13. janúar 2022 (tilv. 2021-10-08-2565), vegna meintra brota áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Sigurfari GK-138 (2403)



Þann 6. október 2021, og hins vegar til erindis Fiskistofu, dags. 23. júní 2022 (tilv. 2022-01-21-1157), vegna meintra brota áhafnar, og eftir atvikum útgerðar sama skips þann 19. janúar 2022. Í báðum erindum Fiskistofu var málsaðila tilkynnt um að málin hafi verið tekin til meðferðar og málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnáskilslutlaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Í fyrra erindi Fiskistofu kom fram að stofnunin hafi þegar kært ætluð brot til lögreglu, en engar athugasemdir málsaðila bárust fyrir uppgefinn frest, 31. janúar 2022. Í seinna erindi Fiskistofu var málsaðila tilkynnt að málin yrðu sameinuð og farið með þau sem eitt stjórnáskilslutlaga áður en til ákvörðunar Fiskistofu kæmi. Um samkynja brot væri að ræða og myndi ákvörðun Fiskistofu því taka til þeirra beggja, til hagræðingar fyrir málsaðila. Var málsaðila í seinna erindi Fiskistofu því veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir eða andmæli vegna beggja mála fyrir 8. júlí 2022. Engar athugasemdir eða andmæli málsaðila bárust Fiskistofu fyrir uppgefinn tímafrest, né eftir hann. Ákvörðun Fiskistofu tekur því mið af fyrirliggjandi gögnum og málsatvikum að öðru leyti.

III. Lagagrundvöllur

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að heimila með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnáskilslutlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsínæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabýrgð einstaklinga og lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

IV. Rannsókn Fiskistofu

Í upphaflegri tilkynningu Fiskistofu til málsaðila vegna fyrra málsins frá 6. október 2021 (tilv. 2021-10-08-2565), dags. 13. janúar 2021, kom fram að á myndbandsupptökum hafi sést til um 190 fiska koma út um tilgreint lensport á stjórnborðshlið skipsins, og þeir fallið þaðan í sjó. Af þeim hafi veiðieftirlitsmenn Fiskistofu tilgreint 24 þorska, 13 ýsur og 2 skötuseli. Í öðrum tilvikum hafi verið um afla sem ekki hafi verið unnt að greina. Við meðferð málsins, að fenginni beiðni um frekari rannsókn á myndbandsupptökunni frá 6. október 2021, kom í ljós að greina mátti mun fleiri fiska eftir tegundum á myndbandinu, eins og kemur fram í málsatvikum í ákvörðun þessari. Hafi tveir veiðieftirlitsmenn, sem jafnframt hafi verið á vettvangi, farið yfir myndefnið gaumgæfilega sem leitt hafi í ljós að þar mátti tegundagreina samtals 144 fiska í stað 39; þ.e. 58 ýsur, 57 kola, 27 þorska og 2 skötuseli. Atvikalýsingu var breytt í samræmi við framangreint í málsatvikum í kafla I.

Þar sem fiskiskipið Sigurfari GK-138 (2403) er yfirbyggt taldi Fiskistofa nauðsynlegt að rannsaka nánar aðstæður um borð þar sem hvorki sést til skipverja að störfum á vinnsludekki né þegar afli lendir á færibaldi/í rennu, á leið sinni út um framangreint lensport skipsins. Fóru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu um borð í skipið þann 28. september 2022 í Sandgerðishöfn og tóku þar upp eitt myndband sem sýnir leið afla, sem kemur í veiðarfæri, að lensporti. Af efra dekki kemur veiddur afli niður á neðra dekk niður í móttökuna um borð. Þaðan kemur aflinn upp með færiböndum þar sem skipverjar standa við aðgerðarband og flokka og gera að afla. Við færibaldið eru slóglúgur og undir þeim slógband, sem liggur samsíða undir aðgerðarbandi. Sá afli sem rennur eftir aðgerðarbandinu fellur af enda þess niður á framangreint slógband (blátt

stigaband), sem endar í rennu sem liggur að áður nefndu lensportí stjórnborðsmegin, nema skipverjar fjarlægja aflann af bandinu. Engar ristar eða grindur eru við lensport til að hindra að heill fiskur komist þar í gegn. Fyrirkomulagið á vinnsludekki er því á þá lund að aflinn rennur aftur út um nefnda lúgu (lensport) **nema hann sé fjarlægður af færibandinu fyrir tilstilli skipverja**. Af þeim sökum er ljóst að sá afli sem sést renna út í sjó út um lensport skipsins, gerir það sökum refsinsæms beins athafnaleysis áhafnar skipsins.

V. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan er greint var áhöfn fiskiskipsins Sigurfari GK-138 (2403) uppvís í tvö aðgreind skipti að brottkasti við eftirlit veiðieftirlitsmanna Fiskistofu á Reykjanesi, annars vegar úti fyrir Höfnum 6. október 2021 og hins vegar úti fyrir Reykjanesvita 19. janúar 2022. Málalíbúnaður Fiskistofu byggir á skýrslu veiðieftirlitsmanna þar sem þeir lýsa því sem þeir upplifa af eigin raun við skyldustörf. Í henni eru eftirliti úti á vettvangi og greiningu á myndbandsupptökum málsins gerð skil. Eftirlitsaðferðin í umrætt sinn fólst í því að veiðieftirlitsmenn höfðu eftirlit með aðstoð ómannaðs, fjarstýrðs loftfars búíð myndupptökubúnaði, þar sem myndefnið var sýnilegt þeim í rauntíma en einnig var myndefnið að hluta til tekið upp. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eru sérfróðir opinberir starfsmenn, m.a. um greiningu á tegundum nytjafiska, og hafa enga hagsmuni af úrlausn mála. Í málinu liggja fyrir myndbandsupptök og á þeim sést þegar tilgreindur afli, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, féll út um tíðnefnt lensport, í veiðiferðum skipsins þann 6. október 2021 og 19. janúar 2022. Rannsókn Fiskistofu um borð í skipinu, hefur varpað ljósi á lögbrot áhafnar skipsins og verknaðaraðferð í umræddum veiðiferðum þegar afli, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, fellur aftur í sjó út um lensport. Skipið er yfirbyggt og sést því hvorki til skipverja að störfum á vinnsludekki né þegar afli lendir á slógbandi og þaðan í rennu, á leið sinni út um lensportið. Það liggur í hlutarins eðli að afli sem komið hefur í veiðarfæri, fellur ekki út um lensport án aðkomu áhafnar um borð (með athöfn eða athafnaleysi), a.m.k. ekki í því magni sem um ræðir í máli þessu. Þó svo ekki megi greina saknæma háttsemi skipverja í umrædd skipti, þá er að mati Fiskistofu um fullframin brot áhafnar að ræða gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með vísun til 2. másl. 24. gr. sömu laga, þegar afli sem hafði komið í veiðarfæri skipsins fellur í sjó, enda brotin til þess fallin að hafa í för með sér fjárhagslegan ávinning eða sparnað útgjalda til málsaðila í skilningi ákvæðisins og vísað er til að neðan. Jafnframt er að mati Fiskistofu, á grundvelli rannsóknar stofnunarinnar um borð í skipinu, ljóst að sá afli sem sést renna út í sjó út um lensport skipsins, hafi gert svo sökum beins athafnaleysis áhafnar skipsins í umrædd skipti.

Athafnaleysi fellur undir hugtakið frumverknað, þegar það er virt í ljósi ákveðinnar (lögbundinnar) athafnaskyldu að viðlagðri refsíabýrgð (brot á boðreglum) án tillits til hugsanlegra afleiðinga hennar og atvika að öðru leyti, þ.e. skyldu áhafnar til að hirða og landa þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Skyldan felst í ákveðinni athöfn, þ.e. ytri hreyfingu áhafnar að störfum á vinnsludekki, um að fjarlægja afla af færibandinu (aðgerðarbandi) við flokkun til að koma í veg fyrir að hann færi aftur út í sjó. Hér reynir á það hvort þeim er skyldan hvílir á, þ.e. áhöfn í umrædd skipti, hafi verið kleift að inna hana af hendi. Að mati Fiskistofu hafi ekkert verið því til fyrirstöðu fyrir skipverja, eins og fyrirkomulagi er háttáð um borð í skipinu, að fjarlægja aflann af aðgerðarbandi áður en hann rynni óáreittur útbyrðis. Af þeim sökum hafi áhöfn gerst brotleg gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. framangreindra laga með því að hafa látið undir höfuð liggja að bregðast við með þeim hætti sem til var ætlast af þeim og lög kveða á um í aðstæðum sem þessum.

Var aflinn tegundagreindur af sérfræðingum Fiskistofu og tekur ákvörðun Fiskistofu mið af því. Þá hefur ekkert komið fram í málinu sem leitt getur til þess að skýrsla veiðieftirlitsmanna eða önnur gögn málsins séu dregin í efa, né hefur málsaðili véfengt málsatvik eins og þeim var lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanna. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og



rétta í ljós með hliðsjón af þeim sönnunarkröfum sem gilda í stjórnáslumálum en um þau gilda almennar sönnunarreglur. Umrædd myndbönd sýna með skýrum hætti að tilgreindur afli féll fyrir borð í umræddu fiskiskipi umrædda daga. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikla þýðingu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur á málið við ákvörðun sína. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð, með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Sigurfari GK-138 (2403), hafi brotið gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim tilgreinda afla sem að framan er getið, og komið höfðu í veiðarfæri, í umræddum veiðiferðum skipsins er mál þetta varðar. Unnt var að tegundagreina samtals 146 fiska með óyggjandi hætti í báðum veiðiferðum. Tekur ákvörðun Fiskistofu hvort tveggja mið af þeirri greiningu sem og þeim ótegunagreinda afla (47 fiskar) sem sést falla sömu leið í sjó út um lensport.

Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Sigurfari GK-138 (2403) er talin varða við 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Að sama skapi telst brot meiriháttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vitaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brota.

Líta verður til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem komi í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í máli þessu er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þar sem verðmeiri eða söluvænlegri afli var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Með hliðsjón af magni þess afla sem kastað var má ætla að ávinningur hafi verið þónokkur. Brotin ógna jafnframt hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt hvort afli tiltekins skips sé innan veiðiheimilda þess. Mikilvægir almannahagsmunir eru jafnframt fólgnir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnum sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstærð og hámarks afkastagetu. Góð umgengni um nytjastofna sjávar er þýðingarmikil í því skyni að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafkastur fyrir íslensku þjóðina.

Þá hafa aðstæður um borð á vinnsludekki skipsins og færibönd verið rannsökuð af Fiskistofu. Á grundvelli þeirrar rannsóknar, studda myndbandsupptöku, er það talið hafið yfir skynsamlegan vafa að brotin hafi hið minnsta verið framin af refsinaemu beinu athafnaleysi áhafnar að störfum við aðgerðarband. Ógerningur er að leggja mat á hvort að um meðvitund gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða (dulin sök) þar sem skipið er yfirbyggt, en það kemur ekki að sök þar sem brotin teljast fullframin hvort sem það er af ásetningi eða gáleysi. Að auki teljast brotin fullframin á grundvelli hlutlægrar refsíabyrgðar 24. gr. laga nr. 57/1996 eins og rakið hefur verið að framanverðu.



Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa til fjölda fiska sem varpað var fyrir borð í umrædd skipti, þ.e. 146 fiskar auk 49 fiska sem ekki var unnt að tegundagreina. Jafnframt lítur Fiskistofa til þeirrar staðreyndar að um tvær aðskildar veiðiferðir er að ræða þar sem brotin voru framin á stuttum tíma í hvort sinn. Jafnframt lítur Fiskistofa til alvarlegs aðgæsluleysis skipverja, þeirra hagsmuna sem verknaðurinn beindist að í umrædd skipti og magn þess afla, sem féll óhindraður útbyrðis í umsjá áhafnar í trássi við settar háttennisreglur og þá athafnaskyldu sem á henni hvíldi. Af málsatvikum og gögnum málsins megi ætla, að skipverjar hafi með skipulögðum hætti flokkað veiddan afla, sem komið hafði í veiðarfæri, eftir tegundum, stærð og verðgildi, og látið hjá líða að hirða verðminni afla en hirt vænni afla. Jafnframt megi ætla að afla af öðrum tegundum en sóknartegundum, hafi frekar fallið útbyrðis en ella. Að mati Fiskistofu voru brot áhafnar vítaverð og endurtekin, og gefa sterkelega til kynna að brottkast með framangreindum hætti sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttennisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa menn sem hafa sjómennsku að atvinnu. Gera verður þá kröfu til áhafnar að háttsemi hennar og framgangsmáti endurspegli gegnan og skynsaman atvinnusjómann, með hliðsjón af þeim háttennisreglum sem gilda um fiskveiðar hverju sinni. Þá ber málsaðili ábyrgð á því að veiðar fiskiskipa í hans eigu séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út og að allur aðbúnaður og tækjakostur sé fullnægjandi.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Það er niðurstaða Fiskistofu að um sérlega ámælisverð brot sé að ræða, framin til hagsbóta fyrir málsaðila, og voru brotin alvarleg með hliðsjón af fjölda skipta og magni afla. Þá voru lögbrot áhafnar 6. október 2021 stórfelld. Af þeim sökum kemur hvorki áminning né lágmarks leyfissvipting til greina. Með hliðsjón af umfangi og eðli brota er að mati Fiskistofu svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni hæfilega ákvörðuð sex vikur, enda ekki um minniháttar brot að ræða í skilningi 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Þó ber að taka tillit til þess dráttar sem orðið hefur á meðferð málsins hjá Fiskistofu sem málsaðila verður ekki um kennt. Fyrra brot átti sér stað í október 2021 en seinna brot í janúar 2022. Niðurstaða málsins málsins liggur nú fyrir að fjórtán mánuðum liðnum. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Af þeim sökum og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í fjórar vikur.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Sigurfari GK-138, skipaskrárnúmer 2403, leyfi til veiða í atvinnuskyni í fjórar vikur (28 daga) frá og með 20. janúar 2023 til og með 16. febrúar 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006, vegna meiriháttar brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt niður leyfi til veiða með dragnót skv. 1. gr. reglugerðar nr. 963/2019 um veiðar með dragnót við Ísland. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.



FISKISTOFA

TRAUÐ - FRAMSÆKNI - VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Fiskistofa hefur þegar kært brot málsaðila á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 til lögreglustjórans á Suðurnesjum og óskað þess að þau verði tekin þar til rannsóknar í samræmi við lög um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ef til lögreglurannsóknar kemur mun hún fara fram í kjölfar málsmeðferðar Fiskistofu sem nú er lokið með ákvörðun þessari um stjórnsluviðurlög. Málalok málsins hjá Fiskistofu bindur ekki lyktir málsmeðferðar sakamáls hjá lögreglu.

